

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/1249
komudagur 16.3.2009

13. mars 2009
Tilvísun: 2009030021

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 359. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts dags. 4. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, 359. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við 1. gr. frumvarpsins sem og samsvarandi greinar í frumvarpinu þar sem kveðið er á um að viðkomandi aðili sé "fyrstur" til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Fjármálaeftirlitið telur að ómögulegt sé að meta hvaða aðili er fyrstur til að þess að koma með viðkomandi upplýsingar og telur heppilegra að notað sé orðalagið, að hafa "frumkvæði".

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Helga Rut Eysteinsdóttir